64
5. maí

REGLUGERÐ
um fasteignaskatt í Neskaupstað.

1. gr.

Fasteignaskatt til bæjarsjóðs Neskaupstaðar skal greiða af öllum húseignum, lóðum og öðrum mannvirkjum í Neskaupstað, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

a. Af húsum, sem notuð eru til verzlunar að einhverju eða öllu leyti, vöruhúsum, verksmiðjum og byggingum, sem notaðar eru til atvinnurekstrar, öðrum en þeim, sem um getur í d.-lið, svo og hafskipabryggjum, geymslubyrgjum, olíu- og benzíngeymum, skal greiða 1%.
b. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum 0,5%.
c. Af öðrum byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, skal greiða 2%. Af sérstaklega útmældum túnum og görðum greiðist ekkert gjald.
d. Af bryggjum, þerrireitum, húsum og lóðum, sem eingöngu eru notuð til útgerðar eða landbúnaðar skal greiða 0,2%.

3. gr.

Fasteignaskatt samkv. 2. gr. skal reikna eftir fasteignamati og annast skrifstofa bæjarins innheimtu hans. Leigjandi greiðir skatt af leigulóðum.

4. gr.

Skatt þann, sem um getur í 2. gr., skal reikna af heilum hundruðum króna af virðingarverði fasteignar, en því, sem umfram er skal sleppa, og nái virðing ekki 100.00 krónum greiðist enginn skattur.

5. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937, sbr. lög nr. 46 11. júní 1938.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Af fasteignaskatti, sem ekki er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og af útsvörum.
Skatt þenna ásamt dráttarvöxtum má taka lögtaki.

8. gr.

Skatturinn er fyrst lagður á árið 1939 og er gjalddagi hans 1. maí ár hvert.

9. gr.

Gjalddagi fasteignaskattsins er 1. maí ár hvert. Þó skal gjalddagi skattsins fyrir árið 1939 vera 1. júní

10. gr. 64
5. maí

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 1937, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING 65
9. maí

um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 70 31. des. 1937, sett eftirfarandi verðlagsákvæði:

Álagning á eftirtaldar vörur má eigi vera hærri en hér segir:

Byggingavörur:

Miðstöðvarofnar og miðstöðvarkatlar	30 %
Baðvatnsgeymar	30 —
Eldavélar	30 —
Þvottapottar	35 —
Vatnsleiðslurör	30 —
Fittings	50 —
Baðker og vaskar (steyptir)	35 —
Baðker, vaskar og salerni (fajance)	40 —
Skolprör (úr potti)	33 —
Vatnskranar	45 —
Þakplötur og þakhellur	30 —
Gólfflísar	30 —
Veggflísar	35 —
Einangrunarplötur (kork)	30 —
Saumur:	
1. Í heildsölu	15 —
2. Í smásölu í heilum pökkum eða kössum:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	30 —
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	40 —
Linoleum og gúmmí á ganga og striga:	
a. Í heilum rúllum	23 —
b. Bútað	35 —
Húsastrigi (í heilum rl.)	30 —
Þakpappi	30 —
Filtpappi	30 —
Loftpappi	30 —
Veggjapappi	30 —
Maskínupappír	30 —
Veggfóður	60 —